



Tillaga að lagabreytingu – lögð fram á aðalfundi SSV 2022

Hér með er lögð fram tillaga að breytingum á 3 gr. laga SSV sem fjallar um hvenær kosið er til stjórnar SSV á kosningaári.

Í lögum SSV í dag segir í 3 gr.

Aðalfundur skal haldinn, eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert. Stjórn samtakanna boðar til hans með sannanlegum hætti með minnst þriggja vikna fyrirvara og skal skýrsla stjórnar og ársreikningur fylgja fundarboðinu. Dagskrá skal send eigi síðar en tíu dögum fyrir fund. Aðalfundurinn er lögmætur, ef hann er löglega boðaður. **Aðalfundur á kosningaári til sveitarstjórna, skal fresta dagskrárliðnum kosning stjórnar til málþings að hausti, sbr. 12. gr. laga þessara.**

Tillagan er að í stað þess að á kosningaári sé kosið í stjórn á haustþingi verði stjórn kosin á aukaaðalfundi.

Tillaga að 3 gr.

Aðalfundur skal haldinn, eigi síðar en í aprílmánuði ár hvert. Stjórn samtakanna boðar til hans með sannanlegum hætti með minnst þriggja vikna fyrirvara og skal skýrsla stjórnar og ársreikningur fylgja fundarboðinu. Dagskrá skal send eigi síðar en tíu dögum fyrir fund. Aðalfundurinn er lögmætur, ef hann er löglega boðaður. **Á kosningaári sveitarstjórna skal halda aukaaðalfund eigi síðar en 1. júlí þar sem kosin skal ný stjórn.**

Greinargerð

Ástæðan fyrir því að þessi tillaga er lögð fram er sú að eftir kosningar 2018 var það rætt innan stjórnar SSV, að það væri óheppilegt að þeir fulltrúar í stjórn sem höfðu látið af störfum sem sveitarstjórnarfulltrúar sætu áfram stjórn SSV í allt að 4 mánuði frá því að þeir létu af störfum

sem sveitarstjórnarfulltrúar. Haustþing skal samkvæmt lögum SSV fara fram í september og nú liggur fyrir að sveitarstjórnarkosningar mun fara fram 14 maí. Þannig að sá tími sem líður á milli sveitarstjórnarkosninga og haustþings er að lengjast ef eitthvað er.

Þessi tillaga er því sett fram í þeim tilgangi að tryggja að þeir sem sitja í stjórn SSV hverju sinni hafi skýrt umboð sinna sveitarstjórna til stjórnarsetu.